

Alþingi

Erindi nr. B 121 / 1160

komudagur 20/3 1997

Þverársókn.

Umsögn sóknarnefndar Þverársóknar um frumvarp til laga um stöðu, stjórn og starfshætti Þjóðkirkjunnar.

Í 39.gr. er gert ráð fyrir að prestar njóti æfiráðningar að lokinni setningu í eitt ár. Sóknarnefnd er andvíg æfiráðningu presta og telur að hámarks ráðningartími sé 5 ár.

Æfiráðning er andstæð þeirri stefnu sem löggjafinn hefur markað með lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Í 54.gr. er gert ráð fyrir að prestar fái alræðisvald um hvernig afnotum af kirkjunni skuli háttað. Þessu mótmælir sóknarnefnd harðlega. Sóknin kostar byggingu, rekstur og viðhald kirkju. Kirkjusókn er sjálfstæð fjárhagslega. Sóknarnefnd er kosinn til að annast framkvæmdir og rekstur, henni ber að styðja kirkjulegt starf. Sóknarnefnd verður að bera ábyrgð á og geta leyft afnot af kirkjunni til félags og menningarstarfs.

Virðingarfyllst

F.h. sóknarnefndar

12.03.1997

Jón Jónsson
formaður